

<b>Dags eftirlits</b>	25.6.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Stjórnuegg	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hlín Gísladóttir
<b>Heimili</b>	Vallá	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	630191	<b>Flokkur</b>	Þauleldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Geir Gunnar Geirsson	<b>ÍSAT nr.</b>	01.47.2
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## Niðurstaða eftirlits

Farið var í fyrsta eftirlit hjá Stjórnueggjum hjá Umhverfisstofnun en rekstraraðili hefur starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem gildir frá 15. nóvember 2011 til 15. nóvember 2023. Eftirlit færðist yfir til Umhverfisstofnunar með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir 1. júlí 2017. Tvö frávik komu fram frá starfsleyfi ásamt því er einni ábendingu komið á framfæri til rekstraraðila.

## Umfang eftirlits

Byrjað var eftirlit á skoðunarferð umhverfis eggjabúið og að því loknu var haldinn fundur um starfsleyfisskilyrði. Um 60.000 fuglar eru nú á búinu og er áætlað að stækka í framtíðinni, rekstraraðila var bent á að sækja tímanlega um breytingu á starfsleyfi. Fuglarnir er haldið á búinu í um 72 vikur áður en þeim er skipt út. Engar hauggeymslur eru á svæðinu en skv. núverandi starfsleyfi er það krafa. Skv. rekstraraðila var of mikil lykt vegna hauggeymslunnar og var henni breytt í stæði fyrir hænur fyrir nokkru síðan. Farið er með skítinn í sveitir Hvalfjarðarsveitar þar sem hann er nýttur sem áburður á 400-500 hektara land. Dýrahæ eru geymd í gámi upp við fjall en ekki er tæmt eftir neinni áætlun. Það fráveituvatn er fer af svæðinu er leitt út í sjó en um er að ræða skolvatn eftir að húsin hafa verið þvegin. Rætt var um skráningar og fóðurgjöf en helst er dýrunum gefið íslenskt fiskimjöl. Tölvustýrð loftræsting er í húsunum og er haldið um 20 gráðu daghita.

Eftir fundinn var olúgeymir á svæðinu skoðaðar en hann var án árekstrar- og lekavarna.

### Frávik frá

grein 2.1 í starfsleyfisskilyrðum

### Lýsing á fráviki

Við búið skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur skv. starfsleyfi. Óska þarf eftir breytingu á starfsleyfi telji rekstraraðili ekki þörf á hauggeymslum á svæðinu.

grein 41 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.

Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Ekki er til staðar árekstrar- og lekavörn við olúgeymi.

## Athugasemdir

Rekstraraðila er bent á að losa gáma með dýrahæjum reglulega, oftast á sumrin en veturna skv. grein 3.2 í starfsleyfi til að koma í veg fyrir lyktarmengun og óhreininda vegna gámsins.

Reykjavík, 24.08.2018



Einar Halldórsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta